

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársreikningur 2019

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík
kt. 510211-0140

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|------------------------------|------|
| Staðfesting stjórnenda | 3 |
| Áritun endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 7 |
| Efnahagsreikningur | 8 |
| Sjóðstreymi | 10 |
| Skýringar | 11 |


Staðfesting stjórnenda

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 var stofnaður sérstakur fasteignasjóður, Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem annast fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða.

Á árinu 2019 nam tekjuafgangur sjóðsins 361,3 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 4.820,1 m.kr, skuldir 35,7 m.kr. og eigið fé 4.784,4 m.kr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra staðfestir ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Reykjavík, 8/12 2020



Sigurður Ingi Jóhannsson,
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Áritun ríkisendurskoðanda

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Kannað var hvort rekstur sjóðsins var í samræmi við þau lög sem um hann gilda og eftir atvikum fjárlög og fjáráukalög, sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Ríkisendurskoðun, 10. desember 2020

Undirritað rafrænt

Skúli Eggert Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.

Áritun endurskoðanda

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2019, afkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur er ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun endurskoðanda frh.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Alyktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur sjóðsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 10. desember 2020

Undirritað rafrænt

Óskar Sverrisson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|-------|-----------------------|-----------------------|
| Tekjur | | | |
| Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga..... | 1 | 536.000 | 500.000 |
| Húsaleiga | | 0 | 1.335 |
| Tekjur alls | | <u>536.000</u> | <u>501.335</u> |
| Framlög | | | |
| Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga..... | 2 | <u>326.186</u> | <u>204.825</u> |
| Rekstrarkostnaður | | | |
| Annar rekstrarkostnaður..... | 3 | <u>4.114</u> | <u>207</u> |
| Rekstrarkostnaður samtals | | <u>4.114</u> | <u>207</u> |
| Framlög og gjöld alls | | <u>330.300</u> | <u>205.032</u> |
| Rekstrarhagnaður..... | | 205.700 | 296.303 |
| Hreinar fjármunatekjur..... | 4 | <u>155.587</u> | <u>165.241</u> |
| Tekjuafgangur ársins | | <u><u>361.287</u></u> | <u><u>461.544</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| Eignir | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---------------------------------------|-------|-------------------------|-------------------------|
| Fastafjármunir: | | | |
| Skuldabréf..... | 5 | 2.010.793 | 2.097.989 |
| Fastafjármunir samtals | | <u>2.010.793</u> | <u>2.097.989</u> |
| Veltufjármunir: | | | |
| Áfallnar vaxtatekjur..... | | 9.919 | 10.695 |
| Aðrar skammtímakröfur..... | | 194 | 53.843 |
| Næsta árs afborganir skuldabréfa..... | 5 | 117.450 | 117.450 |
| Bankareikningar..... | | 2.681.699 | 2.145.749 |
| Skammtímakröfur samtals | | <u>2.809.262</u> | <u>2.327.737</u> |
| Eignir alls | | <u><u>4.820.055</u></u> | <u><u>4.425.726</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|--------------------------------------|-------|-------------------------|-------------------------|
| Skuldir og eigið fé | | | |
| Eigið fé | | | |
| Höfuðstóll..... | 6 | <u>4.784.403</u> | <u>4.423.117</u> |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur..... | | 2.171 | 2.281 |
| Aðrar skammtímaskuldir..... | | <u>33.480</u> | <u>329</u> |
| Skammtímaskuldir samtals | | <u>35.652</u> | <u>2.610</u> |
| Skuldir samtals | | <u>35.652</u> | <u>2.610</u> |
| Skuldir og eigið fé alls | | <u><u>4.820.055</u></u> | <u><u>4.425.726</u></u> |

Sjóðstreymi árið 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|-------|-------------------------|-------------------------|
| Rekstrarhreyfingar: | | | |
| <i>Veltufé frá rekstri</i> | | | |
| Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi..... | | 361.287 | 461.544 |
| Verðbætur skuldabréfa..... | | (30.254) | (51.675) |
| Veltufé frá rekstri | | <u>331.033</u> | <u>409.869</u> |
| <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i> | | | |
| Skammtímakröfur (hækkun), lækkun..... | | 54.425 | 19.743 |
| Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun..... | | 33.042 | (10.459) |
| | | <u>87.467</u> | <u>9.284</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | <u>418.500</u> | <u>419.153</u> |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Afborganir..... | | <u>117.450</u> | <u>117.450</u> |
| Fjárfestingahreyfingar | | <u>117.450</u> | <u>117.450</u> |
| | | | |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé..... | | 535.950 | 536.603 |
| Handbært fé í ársbyrjun..... | | <u>2.145.749</u> | <u>1.609.146</u> |
| Handbært fé í árslok | | <u><u>2.681.700</u></u> | <u><u>2.145.749</u></u> |

Skýringar

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður með sama hætti og tíðkast hjá A-hluta stofnunum í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði.

Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innstæða á bankareikningum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Bókhald

Fjársýsla ríkisins sér um bókhald og greiðslur fyrir sjóðinn.

Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á þá er Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu tekjuskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

1. Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðsins, sbr. 13. gr. a. í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

| | 2019 | 2018 |
|---------------------------------------|---------|---------|
| Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga | 536.000 | 500.000 |

Framlög

2. Framlag til Jöfnunarsjóðsins er á grundvelli reglugerðar um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr. 460/2018 þar sem heimilað er að ráðstafa söluandvirði fasteigna og öðrum tekjum Fasteignasjóðsins umfram gjöld til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

| | | |
|---------------------------------------|---------|---------|
| Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | 326.186 | 204.825 |
| | 326.186 | 150.408 |

Skýringar

Annar rekstrarkostnaður

| | | |
|---|--------------|------------|
| 3. Kostnaður vegna umsjónar- og sölu fasteigna..... | 0 | 16 |
| Ýmiss rekstrarkostnaður..... | 4.114 | 191 |
| | <u>4.114</u> | <u>207</u> |

Fjármunatekjur

4. Fjármunatekjur greinast þannig:

| | | |
|----------------------------|----------------|----------------|
| Vaxtatekjur..... | 190.781 | 196.720 |
| Dráttarvaxtagjöld..... | 0 | (20) |
| Fjármagnstekjuskattur..... | (35.194) | (31.460) |
| | <u>155.587</u> | <u>165.241</u> |

Skuldabréf

5. Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslulán með 2% vöxtum. Almennt er lánstíminn 25 ár.


| | | |
|---|------------------|------------------|
| Staða skuldabréfa í árslok | 2.128.243 | 2.215.439 |
| Næsta árs afborganir | (117.450) | (117.450) |
| Skuldabréfaeign í efnahagsreikningi | <u>2.010.793</u> | <u>2.097.989</u> |

Eigið fé

| | | |
|---|------------------|------------------|
| 6. Yfirlit um breytingu á eigin fé greinist þannig: | 2019 | 2018 |
| Höfuðstóll 1/1 | 4.423.117 | 3.961.573 |
| Tekjuafgangur ársins | 361.287 | 461.544 |
| Höfuðstóll 31/12 | <u>4.784.403</u> | <u>4.423.117</u> |

Undirritunarsíða

Skúli Eggert Þórðarson



Undirritað af:
Skúli Eggert Þórðarson
1702532649
Dags: 10.12.2020
Tími: 11:40:46
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9d7df1de-
3409-458f-b153-
a9008eec7c7c

Óskar Sverrisson



Undirritað af:
Óskar Sverrisson
1405593699
Dags: 10.12.2020
Tími: 12:55:37
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9d7df1de-
3409-458f-b153-
a9008eec7c7c